

# Skýrsla starfshóps um fjölmeningarfræðslu

[Mars/2019]



Reykjavíkurborg



ÍÞRÓTTABANDALAG  
REYKJAVÍKUR



<b>Inngangur</b> .....	2
<b>Samantekt - helstu tillögur</b> .....	2
<b>Innflytjendur í Reykjavík</b> .....	4
<b>Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar</b> .....	5
<b>Íþróttaiðkun innflytjendabarna</b> .....	5
<b>Dæmi um verkefni og fræðslu tengda fjölmenningu á Íslandi</b> .....	6
<b>Æskulýðsvettvangur</b> .....	6
<b>InterCultural Iceland</b> .....	6
<b>TUFF</b> .....	7
<b>Móttökuverkefni í Árbænum</b> .....	7
<b>Vertu með</b> .....	7
<b>Niðurstöður og tillögur</b> .....	7
<b>1. Verkferlar um móttöku (móttökuáætlun) og samskipti við nýja iðkenda</b> .....	7
<b>2. Fjölmenningarfræðsla</b> .....	8
<b>3. Fræðsla um fjölbreytileika samfélagsins/ mannréttindafræðsla</b> .....	9
<b>4. Áhersla á fjölmenningu í samstarfssamningi Reykjavíkurborgar og ÍBR</b> .....	9
<b>5. Fjölmennung í kennsluefni þjálfaramenntunar ÍSÍ og sérsambanda</b> .....	9
<b>6. Verkfærakista fyrir íþróttafélög</b> .....	10
<b>7. Eftirlit með aðgerðum</b> .....	11
<b>Heimildir</b> .....	11

## Inngangur

Þann 26. nóvember 2018 skipaði menningar-, íþrótt- og tómstundaráð starfshóp til að móta tillögur um fjölmenningsfræðslu fyrir sjálfbóðaliða og þjálfara í íþrótt- og tómstundastarfi í Reykjavík.

Tilgangur með vinnu starfshópsins er að opna huga og fræða sjálfbóðaliða og þjálfara í íþrótt- og tómstundastarfi í Reykjavík um margbreytileika samfélagsins og menningarnæmni (e. intercultural competence). Bæta móttöku iðkenda af erlendum uppruna og stuðla að menningarnæmni þjálfara, sjálfbóðaliða, starfsmanna, iðkenda og forráðamanna þeirra í íþrótt- og tómstundastarfi í Reykjavík.

Helstu verkefni starfshópsins voru eftirfarandi:

- Kynna sér fyrirliggjandi efni um fjölmenningsfræðslu
- Funda með aðilum með þekkingu og reynslu í málaflokknum
- Skoða efni frá öðrum löndum

Starfshópurinn skipaðu:

- Gerður Sveinsdóttir (Íþrótt- og tómstundasvið)
- Joanna Marcinkowska (Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar)
- Jóna Hildur Bjarnadóttir (Íþróttabandalag Reykjavíkur)

Starfshópurinn starfaði á tímabilinu 18. janúar 2019 til 15. mars 2019. Hópurinn hélt alls 5 fundi auk vinnufunda.

Starfshópurinn leitaði ráðgjafar hjá sérfróðum aðilum. Í heildina gekk starfið mjög vel og vill starfshópurinn sérstaklega þakka öllum sem tóku vel á móti beiðnum hópsins um fundi og veittu okkur ómetanlega innsýn í málaflokkinn út frá sínum sjónarhornum.

Hópurinn fundaði með eftirfarandi aðilum:

- Sema Erla Serdar, framkvæmdastýra Æskulýðsvettvangsins
- Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri á Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar
- Guðrún Pétursdóttir, framkvæmdastýra InterCultural Iceland
- Viðar Sigurjónsson, umsjónaraðili þjálfaramenntunar hjá ÍSÍ
- Irina Ogurtsova, mannauðsérfræðingur á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar

## Samantekt - helstu tillögur

Tillögurnar eru ætlaðar fyrir sjálfbóðaliða og þjálfara í íþrótt- og tómstundastarfi í Reykjavík. Hópurinn leggur til að tillögurnar nái einnig yfir annað starfsfólk, forráðamenn og iðkendur í íþrótt- og tómstundastarfi.

### 1. Verkferlar um móttöku (móttökuáætlun) og samskipti við nýja iðkendur

Gerðir verði verkferlar um móttöku og samskipti við forráðamenn og nýja iðkendur (móttökuáætlun) fyrir aðila sem standa að íþrótt- og tómstundastarfi í Reykjavík. Lagt er til að því verði fylgt eftir að íþróttafélögin hafi virka móttökuáætlun.

Ábyrðaraðili: ÍTR, SFS, Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og ÍBR.

Kostnaðarmat: Innan ramma

## **2. Fjölmenningarfræðsla**

Útbúin verði fjölmenningarfræðsla fyrir sjálfbóðaliða og þjálfara í íþrótt- og tómstundastarfi, auk þess fyrir annað starfsfólk, forráðamenn og iðkendur. Þessi fræðsla myndi taka á menningarnæmni, sérstaklega út frá innflytjendum, staðalmyndum og hatursorræðu.

Ábyrðaraðili: Mannréttindaskrifstofa í samstarfi við ÍBR og ÍTR

Kostnaðarmat: Fer eftir hvaðan slík fræðsla kemur (aðkeypt eða frá Reykjavíkurborg)

## **3. Fræðsla um fjölbreytileika samfélagsins/ mannréttindafræðsla**

Fræðslu sem nær yfir fleiri minnihlutahópa (t.d. fatlað fólk, hinsegin fólk)

Ábyrðaraðili: Mannréttindaskrifstofa

Kostnaðarmat: er eftir hvaðan slík fræðsla kemur (keypt eða frá Reykjavíkurborg)

## **4. Áhersla á fjölmenningu í samstarfssamning Reykjavíkurborgar og íþróttafélaganna**

Lagt er til að sett verði inn í endurskoðaðan samstarfssamning milli Reykjavíkurborgar og Íþróttabandalags Reykjavíkur viðbót við ákvæði 13. gr. núverandi samnings: “Einnig að íþróttafélögin leggi áherslu á fjölmenningu í sínu starfi”.

Ábyrðaraðili: ÍBR/ ÍTR

Kostnaðarmat: Innan ramma.

## **5. Fjölmennung í kennsluefni þjálfaramenntunar ÍSÍ og annarra sérsambanda.**

Bætt verði inn fræðslu/kennsluefni um fjölmenningu inn í þjálfaramenntun ÍSÍ og hjá þeim sérsamböndum sem eru með þjálfaranámskeið.

Ábyrðaraðili: ÍBR

Kostnaðarmat: Óskilgreint

## **6. Verkfæraskista um fjölmenningu fyrir íþrótt- og tómstundastarf**

Tæki og tól sem aðilar í íþrótt- og tómstundastarfi geta nýtt sér til að koma til móts við iðkendur af erlendum uppruna og forráðamenn þeirra, eins og móttökufundir, mentor - bæði fyrir iðkanda og forráðamenn þeirra, tengiliðir íþróttafélaga og aðila í tómstundastarfi við grunnskóla, frístundaheimili og leikskóla. Skapalón af fjölmenningarstefnu, gátlistar og orðalistar.

Ábyrðaraðili: Mannréttindaskrifstofa í samstarfi við SFS, ÍTR, ÍBR og íþróttafélögin og annað tómstundastarf..

Kostnaðarmat: Innan ramma


## **7. Eftirlit með vinnu að aðgerðum**

Ábyrðaraðili: ÍBR hjá íþróttafélögum og ÍTR og SFS hjá öðru tómstundastarfi

Kostnaðarmat: Innan ramma

## Innflytjendur í Reykjavík

Innflytjendur er sífellt stækkandi hópur í íslensku samfélagi. Samkvæmt nýjustu tölum frá Hagstofu árið 2018 voru innflytjendur í Reykjavík 16,6% af mannfjölda (Hagstofs Íslands). Öll íbúafjöldun í Reykjavík árið 2017 var vegna erlendra ríkisborgara sem fluttu til borgarinnar. Borgarabúum fjölgaði um 2.800 á árinu 2017 og voru 126.100 um nýliðin áramót. Erlendum ríkisborgurum sem búa í höfuðborginni fjölgaði á saman tíma um 3.140 og erum nú 15.640 talsins (Hagstofa Íslands 2018).



Taflan hér að neðan sýnir hækkun hlutfalls innflytjenda af mannfjölda í öllum hverfum Reykjavíkur á árunum 2015 til 2018 (Hagstofa Íslands).

(%)	2015	2016	2017	2018
Vesturbær	13	15	16	18
Austurbær	19	21	22	24
Hlíðar	14	15	16	19
Laugardalur	10	10	11	13
Háaleiti	10	11	11	13
Árbær	8	9	12	13
Breiðholt	20	21	22	25
Grafarvogur	6	6	6	8
Grafarholt	5	6	8	12
Kjalarnes	22	24	31	37

## Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar var fyrst samþykkt í borgarstjórn 16. maí 2006. Núverandi stefna var samþykkt í borgarstjórn 18. október 2016. Stefnan leggur áherslu á heildstæða sýn í þágu borgarbúa þar sem margir tilheyra fleiri en einum þeirra hópa sem stefnan nær til. Stjórnendum og starfsfólki ber að tryggja virðingu fyrir mannréttindum innan stjórnkerfis borgarinnar, á vinnustöðum hennar og í þjónustu. Rauði þráðurinn í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar er áherslan á jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þessi áhersla skal vera sýnileg og samþætt allri starfssemi og stefnumótun borgarinnar. Mannréttindastefnan miðar að því að allir borgarþátttakendur njóti jafns réttar án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu.

## Íþróttaiðkun innflytjendabarna

Í niðurstöðum rannsóknarinnar INNAN VALLAR EÐA UTAN? um þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi meðal innflytjendabarna í Breiðholti á árinu 2008 kom skýrt fram að foreldrar sem tóku þátt í rannsókninni vissu lítið um hvaða frístundastarf var í boði fyrir börnin. Þetta gildi um íþróttafélögin og í enn ríkari mæli um aðra tómstundastarfsemi. Skortur er á samræmingu og samstarfi milli greina innan sama félags, sem takmarkar möguleikana að læra af jákvæðri eða neikvæðri reynslu. Kynningin frá félögunum er oft aðeins á íslensku, sumir þjálfarar hafa þó reynt að hafa þýðingar á öðrum tungumálum. Fáeinir foreldranna þekktu íþróttafélögin í hverfinu, einkum þeir sem hafa búið þar lengi. Aðeins fá af börnunum sem talað var við stunduðu íþróttir í íþróttafélagi, önnur höfðu gert það áður en hætt því. Íþróttaráttaka fór ekkert frekar eftir því hve vel börnin höfðu aðlagast eða eftir vinfjölda þeirra. Börn sem stunduðu íþróttir í íþróttafélagi töldu flest mikilvægt að æfa með góðum vinum sínum og þjálfarar sögðu sömuleiðis að börn sem kæmu í félagið tvö eða fleiri saman héldust betur við en þau sem koma ein. Ýmsar ástæður voru fyrir því að börnin voru ekki í íþróttum. Börn sem voru tiltölulega nýlega komin til landsins voru gjarnan feimin og veigruðu sér við að hefja íþróttastarf með ókunnugum. Allmörg sögðust ekki hafa áhuga á íþróttum. Sumir foreldrar vildu gjarnan að börnin færu í íþróttir en vissu ekki hvernig þau ættu að snúa sér. Nokkrir foreldrar og þjálfarar vissu dæmi þess að innflytjendur teldu að það væri dýrt að senda börn í íþróttir. Þetta staðfestir að upplýsingar um Frístundakortið hafa ekki skilað sér nægilega vel.

Rannsóknin sýndi að mikilvægt er að ná innflytjendakrökkunum inn í félögin og halda þeim. Ekki er nóg að fá þau inn, heldur þarf að gera ráðstafanir til að halda í þau. Hlúa þarf að umhverfinu þannig að börnin sækist eftir því að vera áfram. Lykilatriði er að þeim líði vel og finni sig tilheyra. Ennfremur kom fram að börnin þurfa helst að geta verið saman og sótt íþróttir fleiri en eitt saman. Hætt er við að það reynist þeim of erfitt ef þau eru eitt og eitt. Fram kom að huga þyrfti vel að kynningu á íþróttastarfi ÍR í skólum hverfisins með áherslu á að ná sérstaklega til innflytjendabarnanna (MIRRA, 2018).

Þar sem ekki er mikið af rannsóknum sem varða íþróttaiðkun innflytjendabarna á Íslandi og rannsóknin sem vísað er hér fyrir ofan var gerð árið 2008, ákvað starfshópur að gera óformlega könnun á netinu. Könnun með þrem spurningum var set á Facebook hópa innflytjenda (*Away from home living in Iceland, International parents, Polacy na Islandii (Pólverjer á Íslandi), Polki na Islandii (Pólskar konur á Íslandi)*) bæði á ensku og pólsku. Alls tóku 73 einstaklingar þátt í könnuninni (20 á ensku og 53 á pólsku). Börn 30% svarenda taka ekki þátt í íþrótt- og tómstundastarfi eftir skóla. Samkvæmt niðurstöðum var aðalástæðan fyrir því of hár kostnaður. Foreldrar barna af erlendum uppruna voru í vandræðum með sækja börnin úr tómstundum, báðir hópar (pólsku og ensku mælandi) vita ekki alveg hvað er í boði í íþróttum og tómstundum fyrir börnin eða hvar á að leita að upplýsingum um það. Fram kom að foreldrar vildu betri upplýsingar á fleiri tungumálum og meira af auglýsingum um íþrótt- og tómstundastarf í hverfum. Það komu nokkrar ábendingar um

að leiðbeinendur/þjálfarar þyrftu að hafa fjölbreyttari bakgrunn og meiri þekkingu um fjölmenningu. Fram kom að það þyrfti að gera meira til að "rífa börnin úr sínum" og fara í meira samstarf við skóla og leikskóla.

## Dæmi um verkefni og fræðslu tengda fjölmenningu á Íslandi

Starfshópur kynnti sér fjölmenningarfræðslu sem í boði er núna á Íslandi og gæti mögulega nýst í íþrótt- og tólmundastarfi.

Hér fyrir neðan bendum við á tvo aðila sem halda námskeið í fjölmenningu.

### Æskulýðsvettvangur

Eitt af markmiðum Æskulýðsvettvangsins er að auka vitundarvakningu barna, ungmenna og fullorðinna um einelti og hatursorðræðu á netinu.

Árið 2013 var farið af stað með verkefnið *Ekkert hatur – orðum fylgir ábyrgð* á Íslandi. Hópur stofnana og samtaka á Íslandi stendur á bak við verkefnið og er hluti af verkefni Evrópuráðsins sem ber heitið *No Hate Speech Movement*. Fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytisins annast Heimili og skóli, SAFT, SAMFÉS, Landssamband æskulýðsfélaga og Æskulýðsvettvangurinn útfærslu verkefnisins hér á landi í samstarfi við Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Verkefninu er ætlað að vekja athygli á hatursorðræðu á netinu, vekja ungt fólk til umhugsunar og hvetja það til að bregðast við. Verkefnið stendur fyrir jafnrétti, virðingu, mannréttindum og fjölbreytileika. Því er beint gegn einelti, hatursorðræðu, kynþáttafordómum og mismunun á netinu.

Markmið verkefnisins eru m.a.

- Að stuðla að jafnrétti, virðingu, mannréttindum og fjölbreytileika.
- Að stuðla að vitundarvakningu um hatursáróður og hatursorðræðu meðal ungs fólks á netinu.
- Að kynna mikilvægi miðlalæsis.
- Að auka vitund gegn hatursáróðri á netinu.

Auk þess að taka þátt í Ekkert hatur verkefninu stendur Æskulýðsvettvangurinn fyrir vitundarvakningu um hatursorðræðu á netinu á viðburðum innan aðildareininganna. Öll aðildarfélög að Æskulýðsvettvangnum geta óskað eftir þessari fræðslu sér að kostnaðarlausu.

### InterCultural Iceland

Fræðsla um fordóma og fjölmenningarlegt samfélag hefur t.d. verið vinsælt námskeið á vinnustöðum og hjá opinberum stofnunum, námskeið um fjölmenningarlega kennsluhætti hafa verið nýtt í skólum og hefur ICI boðið upp á slík námskeið í fjölda skóla á Íslandi og víðsvegar um Evrópu, m.a. í Þýskalandi, Belgíu, Grikklandi og Skotlandi auk þess að hafa tekið á móti fjölda kennara frá Evrópu á slík námskeið hér á landi. InterCultural Iceland býður upp á námskeið um fordóma og fjölmenningu sem er ætlað að auka skilning þátttakenda á ýmsum hugtökum, svo sem menning, fjölmenning, fjölmenningarleg hæfni (menningarnæmni), fordómar, mismunun, hversdagsfordómar o.fl. Með virkum aðferðum er meðvitund þátttakenda um afleiðingar neikvæðra viðhorfa og hegðunar sem felur í sér mismunun gagnvart ákveðnum hópum aukin, með sérstaka áherslu á fordóma gagnvart fólki af erlendum uppruna. Kennsluáferðir eru virkar og efnistöð miðuð við fullorðna þátttakendur (18 ára og eldri). Tímalengd námskeiðsins er að lágmarki 4 klukkustundir og að hámarki 20 klukkustundir. Áætlaður kostnaður við slík námskeið er að lágmarki 90.000 krónur.



Hér er dæmi um önnur verkefni:

## TUFF

Markmið verkefnisins er að auka íþróttabátttöku barna með sérstaka áherslu á börn og unglinga af erlendum uppruna og um leið að auðvelda þeim og foreldrum þeirra aðlögun að íslensku samfélagi. Í gegnum tómsundur og íþróttir er markvisst unnið að því að styrkja sjálfsmýnd barna og ungmenna og kenna viðurkennd gildi íslensks samfélags, grunnréttindi og skyldur. Einnig er markmiðið að auka tengsl í hverfinu á milli fólks af erlendum uppruna og íþróttafélagsins.

Árið 2018 byrjaði verkefnið í Breiðholti þar sem börnum sem ekki hafa tekið þátt í íþróttastarfi bauðst að æfa frítt hjá ÍR og Leikni í þrjá mánuði, frá og með febrúar 2018. Börn af erlendum uppruna eru boðin sérstaklega velkomin. Nýliðar koma inn í aldurstengda æfingarflokka sem fyrir eru í hverri íþrótt. Verið er að undirbúa verkefnið hjá Val.

Þeir sem standa að verkefninu eru The Unity of Faiths Foundation (TUFF) sem staðið hafa að sambærilegum verkefnum víða erlendis. Verkefnið er unnið í samstarfi við Reykjavíkurborg, íþróttafélögin og þjónustumiðstöðvar.

## Móttökuverkefni í Árbænum

Þróunarverkefni Árbæjarhverfis um móttöku fjölskylda með annað móðurmál en íslensku. Verkefnið er á vegum SFS en samstarfsaðilar eru: Árbæjarskóli, Ársel og þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts. Markmiðið er að auka samstarf í hverfinu, skilgreina hlutverk og verkaskiptingu til að auðvelda fjölskyldum beina leið inn í samfélagið. Móttökuáætlun Árbæjarskóla var höfð til hliðsjónar. Fjölmenningarhópur Tíunnar eru ráðgefandi aðilar og framkvæmdaaðilar verkefnisins. Nemendur og starfsmenn eru virkjaðir í móttökuáætlun jafningja, einnig er þjónustumiðstöðin að þróa vinafjölskyldur, stuðningsnet. Hver fjölskylda fær upplýsingar og kynningu á nýja hverfinu sínu og þjónustukort til að auðvelda sýnileika stofnanna og fyrirtækja innan hverfisins.

## Vertu með

Bæklingurinn "Vertu með" kom út haustið 2018. Markmiðið með útgáfunni er að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi. Markhópur efnisins eru foreldrar barna og ungmenna af erlendum uppruna. Í bæklingnum er að finna hagnýtar upplýsingar um starfsemi íþróttá- og ungmennafélaga landsins. Sem dæmi má nefna; upplýsingar um æfingagjöld íþróttafélaga, frístundastyrki, mikilvægi þátttöku foreldra og kosti þess að hreyfa sig í skipulögðu starfi. Bæklingurinn er gefinn út á sex tungumálum þ.e. á íslensku, ensku, pólsku, tælensku, litháísku og filippseysku. Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands og Ungmennafélag Íslands stóðu saman af útgáfunni.

Samhliða útgáfunni stóð íþróttá- og ungmennafélögum til boða að sækja um styrki til að standa fyrir verkefni sem hvetur börn af erlendum uppruna til þátttöku í íþróttastarfi. Vorið 2019 munu styrkhafar kynna verkefnið sín og deilt reynslunni áfram til annarra félaga í landinu. Netútgáfa af bæklingunum má nálgast inn á heimasíðu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands: <http://isi.is/um-isi/utgafa/fraedslubaeklingar-isi/>

## Niðurstöður og tillögur

### 1. Verkerlar um móttöku (móttökuáætlun) og samskipti við nýja iðkenda

Gerðir verði verkerlar um móttöku og samskipti við forráðamenn og nýja iðkendur (móttökuáætlun) fyrir aðila sem standa að íþróttá- og tómsundastarfi í Reykjavík.



Að mörgu er að hyggja þegar tekið er á móti nýjum iðkendum í íþrótt- og tómstundastarfi. Það er sérstaklega æskilegt að hafa tiltækar sérstakar leiðbeiningar fyrir starfsfólk. Móttökuáætlun er hugsuð til að auðvelda það starf og til að tryggja velferð og vellíðan barnana og fjölskyldna af erlendum uppruna sem eru að byrja iðkun í íþróttum og tómstundum. Slík áætlun er í notkun hjá skóla- og frístundasviði og skilar góðum árangri. Móttökuáætlun þarf að vera hluti af starfsemi íþrótt- og tómstundafélaganna.

**Ábyrðaraðili:** ÍTR, SFS, Mannréttindaskrifstofa og ÍBR

**Kostnaðarmat:** Innan ramma

## 2. Fjölmenningarfræðsla

Hópurinn leggur til að fræðsluáætlun íþróttafélaganna innihaldi fræðslu um fjölmenningu.

Fjölmenningafræðsla verði mótuð og farið með inn í félögin eða starfseminu fyrir:

- a) Þjálfara, sjálfboðaliða og annað starfsfólk
- b) Foreldrar/forráðamenn
- c) Iðkendur

Efni fræðslunnar: Margbreytileiki samfélagsins, mismunandi menningarheimar, hatursorðræða, mannréttindin og góð samskipti. Tölulegar upplýsingar um fjölda uppbyggingu samfélagsins (mínihlutahópar, tungumál, lönd, trúarbrögð) og kostir margbreytileika. Þeir sem hafa staðið að sambærilegri fræðslu eru:

- Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar: Má bara ekkert segja eða gera lengur
- Æskulýðsvettvangurinn: Hatursorðræða
- Fræðsla um fjölmenningu og fordóma frá Intercultural Iceland
- Bæklingur að fyrirmynd [“Game Plan - Resource kit, supporting cultural diversity in sports clubs”](#) verði gerður. Bæklingurinn inniheldur upplýsingar og hugmyndir sem styðja íþrótt- og tómstundastarf til að auka menningarlegan fjölbreytileika sinn, laða að og halda ungu fólki, fjölskyldum af erlendum uppruna. Fjölga iðkendum, leikmönnum, þjálfurum, leiðbeinendum og leiðtogum af erlendum uppruna.

Bæklingurinn inniheldur:

- a) Upplýsingar um fjölmenningu
- b) Skilgreiningar á hugtökum m.a. umsækjandi um alþjóðlega vernd, hælisleitandi, innflytjandi, fjölmennig, flóttamaður, kvótaflóttamaður
- c) Skapalón af fjölmenningarstefnu
- d) Gátlistar sem gefa til kynna hvernig félögin standa og geta bætt sig
- e) Hugmyndir um hvað er hægt að gera
- f) Standa að kynningu
- g) Auðvelda aðgengi
- h) Þjófða alla velkomna
- i) Upplýsingar um kostnað við að æfa
- j) Virkja þá sem eru nú þegar þátttakendur í starfinu, nýta þeirra reynslu
- k) Vínafjölskyldur/vinaliðar
- l) Samvinna við nærumhverfið

**Ábyrgðaraðili:** Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar í samstarfi við ÍBR

**Kostnaðarmat:** Fer eftir hvaðan slík fræðsla kemur (keypt eða frá Reykjavíkurborg)

### 3. Fræðsla um fjölbreytileika samfélagsins/ mannréttindafræðsla

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar er byggð á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. Lagt er til að farið verði með fræðslu inni í Íþróttafélögin og aðila í tómstundastarfi til að auka fjölmenningsfræðslu og sýna að fjölbreytileiki samfélagsins nái yfir fleiri minnihlutahópa (t.d. fatlað fólk, hinsegin fólk)

Ábyrðaraðili: Mannréttindaskrifstofa

Kostnaðarmat: fer eftir hvaðan slík fræðsla kemur (keypt eða frá Reykjavíkurborg)

### 4. Áhersla á fjölmenningu í samstarfssamningi Reykjavíkurborgar og ÍBR

Samkvæmt 9. grein samstarfssamnings Reykjavíkurborgar, ÍBR og íþróttafélaganna skulu íþróttafélögin hafa virka jafnréttisstefnu og siðareglur auk þess að fylgja mannréttinda- og forvarnastefnu Reykjavíkurborgar. Lagt er til að viðbót við 13. gr. í núverandi samning milli Reykjavíkurborgar og Íþróttabandalags Reykjavíkur verði sett í nýjan samstarfssamning: "Einnig að íþróttafélögin leggi áherslu á fjölmenningu í sínu starfi".

Markmiðið er að leggja meiri áherslu á fjölmenningu og laða að einstaklinga af erlendum uppruna til að taka þátt í íþrótt- og tómstundastarfi sem iðkendur, þjáfarar, starfsmenn og sjálfboðaliðar.

Þessu verði fylgt eftir með:

- a) Skapalóni af fjölmenningsstefnu sem íþróttafélögin geta nýtt sér og gert að sínu.
- b) Vilja yfirlýsingu frá íþróttafélögum um að það ætli að vera fjölmenningsamband og tileinka sér ákveðin vinnubrögð til að svo geti orðið. Stjórn, starfsmenn, þjáfarar og iðkendur eru meðvitaðir um tilganginn og að viðurkenna fjölbreytileika samfélagsins í menningu og trúabrogðum, bera ábyrgð á að skapa öruggt umhverfi og vinalegt andrúmsloft þar sem allir eru velkomnir.

Ábyrðaraðili: ÍBR/ ÍTR

Kostnaðarmat: Innan ramma.

### 5. Fjölmennung í kennsluefni þjálfaramenntunar ÍSÍ og sérsambanda.

ÍSÍ og þau sérsambönd sem standa fyrir þjálfaranámskeiðum setji inn kafla um fjölmenningu í kennsluefni þjálfaramenntunar.

Þjálfaramenntun ÍSÍ er áfangaskipt fræðsluefni sem er samræmt fyrir allar íþróttgreinar. ÍSÍ sér um almenna hlutann og sérsambönd ÍSÍ sjá um sérgreinahlutann. Þjálfaramenntun ÍSÍ gefur réttindi til íþróttþjálfunnar auk þess þurfa nemendur að hafa gilt skyndihjálparnámskeið og ákveðna þjálfunarreynslu til að geta haldið áfram námi.

Nánari upplýsingar má finna inn á heimasíðu ÍSÍ: [https://issuu.com/ithrotta-ogolympiusambandislands/docs/\\_j\\_lfaramenntun\\_b\\_klingur](https://issuu.com/ithrotta-ogolympiusambandislands/docs/_j_lfaramenntun_b_klingur)

Ábyrðaraðili: ÍBR

Kostnaðarmat: Óskilgreint

## 6. Verkferakista fyrir íþróttafélög

Hópurinn leggur til að upplýsingar um íþrótt- og tómstundastarf verði kynnt fyrir barni í fyrsta móttökuvíðtali grunnskóla/leikskóla. Ef áhugi er fyrir hendi, koma viðkomandi foreldrum/forráðamönnum í samband við tengilið íþróttafélagana eða tómstunda í hverfinu. Þessu væri gott að bæta inn í móttökuáætlun / handbækur / gátlista um móttöku barna með annað tungumál en íslensku í grunnskóla, leikskóla og skipulögðu frístundastarfi.

Sjá dæmi: [https://reykjavik.is/sites/default/files/Handbo\\_k\\_me\\_kraekjum.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/Handbo_k_me_kraekjum.pdf)

<https://reykjavik.is/mottokuaaetlun-vegna-barna-med-islensku-sem-annad-tungumal>

- a) Tillaga um að leikskólar og grunnskólar hafi aukið samstarf við fulltrúa íþrótt- og tómstundastarfs í hverfinu. Hópurinn leggur til að íþróttafélögin og aðilar sem bjóða upp á tómstundastarf í hverfunum tilnefni tengilið við grunnskóla, leikskóla og frístundheimili í hverfinu til að kynna starfið fyrir iðkanda og forráðamönnum. Þessi tengiliður myndi bera ábyrgð á að kynna starfið í skólum og vera tengiliður fyrir móttökusamtal í skólum og leikskólum.
- Kynning á starfi í íþrótt og tómstundastarfi í hverfinu verði hluti af nýnemakynningu á haustin
  - Kynning á starfsemi íþrótt og tómstundastarfi í hverfinu verði í skólum einu sinni á haustin

- b) Lagt er til að Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar, ÍBR og ÍTR veiti verðlaun fyrir það félag sem stendur sig best í mannréttindamálum. Veitt verði til dæmis viðurkenningarkjal og peningaverðlaun. Einnig væri hægt að vera með mannréttindastaðal (vottun) í íþrótt- og tómstundastarfi í líkingu við jafnlaunastaðal.

- c) Lagt er til að íþróttafélögin og tómstundaaðilar tilnefni mentor fyrir bæði foreldra/forráðamenn og iðkanda. Þannig að tilnefndur verði einn aðili fyrir foreldra/forráðamenn og eitt barn í hópnum fyrir nýja iðkandann. Þetta gætu til dæmis verið sjálfboðaliðar úr báðum hópum sem styðja við viðkomandi.

Hlutverk menors iðkanda; er að vera stuðningsaðili á æfingum og í kring um æfingar.

Hlutverk mentors foreldra; er að veita viðkomandi hagnýtar upplýsingar um starfsemina, koma inn í skipulag, útskýra hvernig samskiptaleiðir og starfið virkar.

- d) Hópurinn leggur til að gerður verði orðaforða og setninglisti a.m.k. á ensku og pólsku yfir helstu hugtök, orð og fyrirmæli í viðkomandi íþrótt. Lagt er til að sérsamböndin vinni þessa lista og setji á heimasíðu sínar.

Hvert félag fyrir sig gerir kort af íþróttasvæði, húsnæði og aðstöðu með myndum fyrir nýja iðkendur og foreldrar/forráðamenn til að læra á umhverfið. Kortið myndi einnig innihalda upplýsingar um aðgegni (frístundarúta, strætóleiðir og gönguleiðir), helstu símanúmer, heimasíðu og netföng tengiliða.

- e) Lagt er til að félögin bendi þjálfurum, sjálfboðaliðum og öðru starfsfólki á að nota myndræna framsetningu ef tungumálaörðugleikar eru fyrir hendi.

- f) Lagt er til að félögin bendi þjálfurum á að passa að börn séu ekki látin túlka á æfingum, of mikið ábyrgðarhlutverk fyrir barn.

- g) Hópurinn leggur til að tülkaþjónusta sé fengin fyrir fyrsta fund með iðkanda og foreldri/forráðamanni þegar þörf er á. Gæti til dæmis verði símatülkaþjónusta.

- h) Lagt er til að á fyrsta fundi með iðkanda og foreldri/forráðamanni komi eftirfarandi fram:

- Kynning á starfi félagsins, deildum, aðstöðu og umhverfi
- Gildi íþrótt í samfélaginu
- Uppbygging íþróttastarfsins á Íslandi (Sports for all bæklingurinn frá ÍSÍ og UMFÍ)
- Samskiptaleiðir við þjálfara (töluvpóstur, facebookhópar, Sportabler, heimasíða)
- Fara yfir heimasíðu, benda á stefnur og siðareglur

- Kynning á frístundakorti
  - Aðgengi (frístundarúta, strætóleiðir og gönguleiðir)
- i) Skapalón af fjölmenningsstefnu, sjá bæklinginn “Game plan - resource kit”.
  - j) Gátlistar sem gefa til kynna hvernig félögin standa og geta bætt sig, sjá bæklinginn “Game plan - resource kit”.

Ábyrðaraðili: ÍBR hjá Íþróttafélögum og ÍTR og SFS hjá öðru tómstundastarfi

Kostnaðarmat: Innan ramma

### 7. Eftirlit með aðgerðum

ÍBR hjá Íþróttafélögum og ÍTR og SFS hjá öðru tómstundastarfi fái það verkefni að hafa reglubundið eftirlit með framkvæmd aðgerða. Send verður fyrirspurn um stöðu aðgerða einu sinni á ári.

Ábyrðaraðili: ÍBR hjá Íþróttafélögum og ÍTR og SFS hjá öðru tómstundastarfi

Kostnaðarmat: Innan ramma

## Heimildir

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar: <https://reykjavik.is/thjonusta/mannrettindastefna-reykjavikurborgar>

Centre for Multicultural Youth (2015), [Game Plan Resource Kit: Supporting Culturally Diversity in Sports Clubs](#), CMY: Melbourne.

Hagstofa Íslands 2019

Hallfríður Þórarinsdóttir, Sólveig Hulsdunk Georgsdóttir, *Innan vallar eða utan? : Rannsókn á þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi meðal innflytjendabarna í Breiðholti* (2008), Sótt þann 10. mars 2019 af

[https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/9325/Innan\\_vallar\\_eda\\_utan.pdf?sequence=1](https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/9325/Innan_vallar_eda_utan.pdf?sequence=1)

Móttökuáætlun vegna barna með íslensku sem annað tungumál, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. <https://reykjavik.is/mottokuaetlun-vegna-barna-med-islensku-sem-annad-tungumal#verkaskipting>

Lars-Magnus Engström, Artur Forsberg, Erwin Apitzsch, Leiðbeinandi barna og unglunga í íþróttum, ÍSÍ <http://isi.is/library/Skrar/throunar--og-fraedslusvid/Fraedslubaeklingar/H7236.pdf>